

**A 1838/hállbart**

**Flytjendur** Arman Teimouri (L)  
Jouni Ovaska (C)  
Kjell-Arne Ottosson (KD)  
Linda Modig (C)  
Mikko Kinnunen (C)  
Mikko Kärnä (C)

**Afgreiðsla** Norræna sjálfbærninefndin

**Þingmannatillaga  
um samstarf um stjórnun úlfastofnsins****Tillaga**

Þingmennirnir leggja til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún stuðli að aukinni samstjórnun úlfastofnsins í Finnlandi, Svíþjóð og Noregi

að hún stuðli að auknum áhrifum þeirra sem næst búa á ákvarðanir um veiðistjórnun á úlfum

**Bakgrunnur**

Stofnstærð úlfsins í Svíþjóð og Noregi er komin langt út fyrir þau líffræðilegu mörk sem sjálfbærni stofnsins er miðuð við. Því miður hefur þessi þróun við stjórnun úlfastofnsins farið fram hjá þeim sem fara með völdin. Eitt helsta meinið er að fjallað skuli um úlfastofninn eins og væri hann málefni hvers lands fyrir sig fremur en sameiginlegur stofn.

Rannsóknarstofnanir á borð við SKANDULV og sænsk-norska samstarfsverkefnið Grensevilt hafa bent á að mikil þörf sé fyrir nánara samstarf um stjórnun á úlfastofninum. Auk þess hafa Finnar, Svíar og Norðmenn undirritað Bernarsáttmálann og þar með fallist á að vinna saman að málefnum villtra dýrastofna óháð landamærum. Af þessum sökum hafa Norðmenn lengi óskað eftir auknu samstarfi um úlfastofninn sem flakkar á milli Noregs og Svíþjóðar. Úlfurinn virðir að sjálfsögðu ekki landamæri. Löndin sjálf líta hins vegar á landamærin sem ófrávíkjanleg takmörk stjórnsýslunnar en það er ekki í neinu samræmi við ferðamynstur úlfastofnsins milli landa. Torveldar þetta stjórnun á veiði og villtum dýrastofnum og þegar stuðst er við líkön um stofnstærðir sem endurspegla ekki



veruleikann minnkar traustið á opinberri auðlindastjórnun. Yrði farið með úlfastofninn sem sameiginlegan stofn, eins og hann er í raun og veru, endurspeglaði stjórnunin betur raunverulega stöðu mála og þar með öðlaðist hún frekari viðurkenningu meðal þeirra sem búa á viðkomandi svæðum. Þannig yrði hægt að lægja reiðiöldurnar verulega.

Markmiðið verður að vera að auka sameiginlega stjórnun alls úlfastofnsins í Finnlandi, Svíþjóð og Noregi. Þarf það að fela í sér ítarlegra samstarf um rannsóknir og talningu á úlfum auk sameiginlegrar veiðistjórnunar. Þar sem stofninn er í raun og veru sameiginlegur er líklegt að samstjórnun gæfi skýrari mynd af því hvernig best verður gætt að vexti og viðgangi hans. Slík ákvörðun tryggði einnig að viðkomandi lönd virtu alþjóðlega samninga um sameiginlega stjórnun á svæðinu.

Við teljum að stefna beri að auknum áhrifum þeirra sem næst búa á ákvarðanir um veiðistjórnun þannig að þær byggist á þekkingu á umræddu svæði og njóti stuðnings þeirra sem þær varða helst. Enn fremur að ákveða beri veiðileyfi í nánú samráði við viðkomandi stjórnvöld en forsendan er þó að ákjósanleg stofnstærð verði ekki ákvörðuð stærri í neinu landanna.

Dómurinn í dómstóli Evrópusambandsins hinn 10. október 2019 sýnir einnig svo að ekki verði um villst að veiði á úlfum meðal annars í Finnlandi og Svíþjóð uppfyllir öll skilyrði ESB-réttarins um sjálfbærni og eftirlit. Finnar, Norðmenn og Svíar hafa tækifæri til að marka líffræðilega og félagslega sjálfbæra stefnu í málefnum rándýra. Í því felst enn frekari hvatning til sameiginlegrar stjórnunar af hálfu Svíþjóðar, Noregs og Finnlands.

Kaupmannahöfn, 27. janúar 2020

*Arman Teimouri (L)*

*Jouni Ovaska (C)*

*Kjell-Arne Ottosson (KD)*

*Linda Modig (C)*

*Mikko Kinnunen (C)*

*Mikko Kärnä (C)*